

CAMZYOS®▼
(mavacamten)
SJÚKLINGAKORT



Leiðbeiningar til sjúklings:

Hafðu kortið **alltaf á þér.**

Segðu öllum heilbrigðisstarfsmönnum sem þú ferð til að þú takir CAMZYOS.

CAMZYOS er ætlað til meðferðar við ofvaxtarhjärtavöðvakvilla með einkennum.

Lesið leiðbeiningar fyrir sjúklinga og fylgiseðilinn til að fá frekari upplýsingar eða hafið samband við Bristol Meyers Squibb:

medinfo.denmark@bms.com

Öryggisupplýsingar fyrir konur sem geta orðið þungaðar:

- CAMZYOS getur skaðað fóstrið ef það er notað á meðgöngu
- CAMZYOS má ekki nota hjá þunguðum konum eða konum sem geta orðið þungaðar og nota ekki örugga getnaðarvörn
- Ef þú getur orðið þunguð verður þú að nota örugga getnaðarvörn allan meðferðartímann og í 6 mánuði eftir síðasta skammt
- Láttu lækinn vita ef þungun er fyrirhuguð
- Ef þig grunar að þú sért þunguð eða ef þú ert þunguð verður þú að láta þann sem ávísaði þér lyfinu eða lækni **tafarlaust** vita

Öryggisupplýsingar fyrir alla sjúklinga:

- Láttu þann sem ávísaði þér lyfinu eða lækni vita, eða leitaðu tafarlaust annarrar læknishjálpar, ef þú finnur fyrir nýtilkomnum eða versnandi einkennum hjartabilunar, þ.m.t. mæði, brjóstverk, þreytu, hröðum hjartslætti (hjartsláttarónot) eða þrútnum fótleggjum.

- Láttu þann sem ávísaði þér lyfinu eða lækinn tafarlaust vita af nýtilkomnum eða yfirstandandi sjúkdómum

- Láttu þann sem ávísaði þér lyfinu, lækni eða lyfjafræðing vita af CAMZYOS meðferðinni áður en þú byrjar að nota ný lyf (þ. á m. lyfseðilsskyld lyf og lyf sem fengin eru í lausasölu) eða náttúru-lyf, vegna þess að sum þeirra geta aukið magn CAMZYOS í líkamanum og aukið líkurnar á því að þú finnir fyrir aukaverkunum (sumar geta verið slæmar). Ekki hætta að taka lyf eða náttúru-lyf sem þú notar eða breyta skammti þeirra án þess að ræða fyrst við lækinn eða lyfjafræðing, því önnur lyf geta haft áhrif á hvernig CAMZYOS verkar

Fylltu út eftirfarandi upplýsingar eða fáðu þann sem ávísaði þér CAMZYOS um að fylla það út..

Nafn sjúklings: _____

Nafn þess sem ávísar lyfinu: _____

Sími skrifstofu: _____

Sími eftir lokun: _____

Heiti sjúkrahúss (ef við á): _____

▼ CAMZYOS er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Allir geta hjálpað til við þetta með því að tilkynna aukaverkanir sem koma fram.

 Bristol Myers Squibb™ Samþykkt af Lyfjastofnun í desember 2024
CV-IS-2400003